

## AUGLÝSING

### um deiliskipulag efnistökusvæðis E 26-A við Húsavík, Norðurþingi.

Á fundi bæjarráðs Norðurþings, í umboði bæjarstjórnar, 16. júlí 2015 var samþykkt tillaga skipulags- og byggingarnefndar að deiliskipulagi efnistökusvæðis E 26-A í Skurðsbrúnum norðan Húsavíkur. Skipulagið er sett fram á einu blaði í blaðstærð A1 sem inniheldur bæði uppdrætti í mkv. 1:2.000/1:10.000 og greinargerð með umhverfisskýrslu. Á deiliskipulagssvæðinu er gert ráð fyrir efnistöku allt 179.900 m<sup>3</sup> af klöpp á allt að 49.900 m<sup>2</sup> svæði. Einnig er á deiliskipulagi gerð grein fyrir 2,8 km löngum aðkomuvegi að efnistökusvæðinu frá Norðausturvegi.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

*Húsavík, 29. ágúst 2015.*

**Gaukur Hjartarson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.

---

B-deild – Útgáfud.: 11. september 2015